



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Heimild til áframhaldandi undirbúnings og verkhönnunar Mjólnisholts

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna endurhönnunar á Mjólnisholti á grundvelli meðfylgjandi forhönnunar.

Greinargerð:

Samkvæmt deiliskipulagi fyrir Hlemm og nágrenni verður Borgarlína í sérrými á Laugavegi og Hverfisgötu við Hlemm. Almenn umferð á Laugavegi og Hverfisgötu á sama kafla verður mjög takmörkuð. Til að tryggja aðgengi íbúa og annarra að Mjólnisholt og Skúlagarðsreit er í deiliskipulaginu gert ráð fyrir að Mjólnisholt, sem í dag er með einstefnu til norðurs, verði með heimilaða umferð í báðar áttir.

Meðfylgjandi kynning á tillögunni, sem unnin var af VSÓ, tekur saman lykilforsendur forhönnunar. Hönnunin gerir ráð fyrir vistlegu umhverfi sem sem stuðla að hægari akstri. Gert er ráð fyrir upphækkuðum þverunum, stakstæðum trjám, ofanvatnsbeðum og gróðurveggjum. Með hönnuninni skapast fallegri og rólegri ásýnd, bætt aðgengi og öryggi fyrir virka ferðamata, hreyfihamlaða og neyðarakstur. Við að heimila akstur í báðar áttir fækkar bílastæðum í götunni óhjákvæmilega. Bílastæði í Mjólnisholt, sem í dag eru áætluð 24, verða eftir breytingar fjögur. Gert er ráð fyrir að minnsta kosti eitt þeirra verði sérmerkt hreyfihömluðum. Til viðbótar eru í bílgeymslum, innan lóða með aðgengi frá Mjólnisholti, rétt tæplega 100 bílastæði.

Áætlaður kostnaður er um 180 milljónir og eru framkvæmdir áætlaðar á árinu.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Tillaga að forhönnun Mjölnisholts, tvístefna.